

REGLUR

um umönnun sjúkra eða slasaðra skipverja og um ráðstafanir vegna andláts skipverja.

I. KAFLI.

Orðaskýring.

1. gr.

Með orðinu „íslenskur ræðismaður“ í sjómannalögum nr. 35/1985 er átt við sérhverja starfsmenn utanríkisþjónustu Íslands eða skrifstofur þeirra (sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og ræðisskrifstofur).

II. KAFLI.

Umönnun sjúkra eða slasaðra skipverja.

2. gr.

Orðið „kynsjúkdómur“ í 5. mgr. 37. gr. sjómannalaga skal skilgreint á sama hátt og í gildandi lögum um varnir gegn kynsjúkdómum.

Samkvillar, sem koma fyrst í ljós nokkrum árum eftir að skipverji veiktist í fyrstu, t.d. hjarta- eða taugakvillar af völdum langvarandi sárásóttar, falla ekki undir hugtakið.

Kynsjúkdómar teljast ekki til sjúkdóma, sem skipverji á sök á samkvæmt 4. mgr. 37. gr. sjómannalaga.

3. gr.

„Umönnum“ í 1. mgr. 34. gr. og 2. mgr. 37. gr. sjómannalaga nær yfir framfæri, læknishjálp og lækningaefni.

„Framfæri“ nær yfir sjúkrahúsdvöl, húsnæði og fæði, ásamt hjúkrun þann tíma, sem skipverji er óvinnufær vegna sjúkdóms eða slyss. Húsnæði greiðist þó aðeins þegar læknishjálp eða hjúkrun á sér stað utan heimilis skipverja.

„Læknishjálp“ nær yfir læknisrannsókn með tilheyrandi meðhöndlun, þar með talið eftirlit læknis, uppskurðir, röntgenmyndatökur o.þ.h. Ennfremur er átt við greiðslu til læknis vegna útgáfu nauðsynlegra vottorða og tilvísana og flutning til og frá lækni, sjúkrahúsi eða annarri meðferðastofnun erlendis.

„Lækningaefni“ nær yfir lyf, sáraumbúðir og orkulækningameðferð (endurhæfingu), ef meðferðin fer fram í tengslum við lækni- eða sjúkrahússmeðferð. Það nær hins vegar ekki til gleraugna, kviðslitsbanda, hækja, gervilima eða þess háttar.

4. gr.

Skipstjóra ber að sjá um, að hinn sjúki eða slasaði skipverji fái nauðsynlega umönnum á skipinu eða í landi. Skylda þessi er óháð því, hver greiða á kostnaðinn.

Þegar skip er í hafi, skal meðferð um borð vera í samræmi við fyrirmæli og ráð lækna í landi, ef unnt er og aðstæður leyfa.

Þegar skip er í höfn eða skammt undan landi, þannig að unnt er að veita hjúkrun í landi, ber skipstjóra að taka ákvörðun um, hvort hjúkrun skuli haldið áfram um borð, hvort kalla eigi þangað lækni eða fá ráð læknis í landi eða hvort leggja eigi hinn sjúka skipverja inn á sjúkrahús, allt með hliðsjón af aðstæðum og óskum skipverjans.

Ef skipslæknir er um borð, ber honum að annast hjúkrun.

5. gr.

Ef ekki hefur verið samið um það, hvernig skipverji skuli ferðast samkvæmt 37. gr. sjómannalaga, er ferðin heimil með hvers konar farartæki. Ferðinni skal hagað þannig, að hún taki sem skemmstan tíma. Við ákvörðun ferðar skal eftir því sem unnt er, taka tillit til óska skipverjans, heilsufars hans og ferðakostnaðar.

6. gr.

Kostnaður vegna uppihalds erlendis skal ákveðinn með hliðsjón af framfærslukostnaði á viðkomandi stað.

III. KAFLI.

Andlát skipverja.

7. gr.

Ef skipverji deyr meðan skip er í hafi, og ekki er talið unnt að bíða þess að skipið komi til hafnar þar sem unnt sé að jarðsetja eða brenna líkið, skal skipstjóri sjá um að líkinu sé sökkt í sjó með þeim helgisíðum, sem almennt eru viðhafðir á skipum í slíkum tilvikum.

Í öðrum tilvikum ber skipstjóra að sjá um útför hins látna eða líkbrennslu og að hún fari fram í samræmi við óskir hins látna eða trúarbrögð eða, ef unnt er, þá helgisíði, sem tíðkast í heimalandi hins látna.

Þegar skipstjóri tilkynnir nánustu vandamönnum hins látna um andlátið skal hann leita eftir óskum þeirra um útför eða líkbrennslu, ef aðstæður leyfa ekki að þeir annist útförina sjálfir.

Ef vandamenn óska eftir að annast útför eða líkbrennslu sjálfir, skulu þeir senda yfirlýsingu þar að lútandi tímanlega. Ber skipstjóra þá að sjá um að koma líkinu í geymslu og gera aðrar ráðstafanir til undirbúnings útför eða líkbrennslu hins látna.

8. gr.

Næsti íslenski ræðismaður skal senda hlutadeigandi yfirvöldum á Íslandi skrá yfir eignir látins skipverja, sem greint er frá í 39. gr. sjómannalaga, ásamt eignum skipverja ef ræðismaðurinn hefur fengið þær afhentar.

9. gr.

Andist skipverji meðan hann er í umsjá íslensks ræðismanns, sér hann um útför eða líkbrennslu hins látna, í samræmi við ákvæði sjómannalaga.

IV. KAFLI.

Gildistaka o.fl.

10. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 2. mgr. 38. gr. og 3. mgr. 41. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. apríl 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.